


Eggert Guðmundsson með sýningu

Eggert Guðmundsson opnar málverkasýningu á morgun, laugardag, í Háholti, Dalshrauni 9 í Hafnarfirði. Sá salur er í eigu Þorvaldar Guðmundssonar veitingamanns.


Eggert, sem nú er 76 ára gamall er flestum Íslendingum kunnur en hann ákvað að nema málalist aðeins 16 ára gamall. Lærði hann m.a. hjá Mugg, Einari Jónssyni, Stefáni Eiríkssyni og Ríkháði Jónssyni. Einnig erlendis en þar hefur hann haldið sýningar svo og hér heima.

Sýning Eggerts opnar kl. 16.00 á morgun og verður sýningin opin til 31. október. Virka daga kl. 16-22 en aðra daga kl. 15-22.



Myndbönd eftir Dieter Roth

Myndbönd Dieters Roth verða sýnd í Nýlistasafninu á milli 2 og 6 á laugardag og sunnudag. Er þetta jafnframt síðasta sýningarhelgin, en opið er til kl. 10 á kvöldin.



Surrealisti í Skruggubúð

Í Skruggubúð við Sudurgötu sýnir nú John nokkur Welson frá Bretlandi verk sín. Þetta eru 29 verk, olíumálverk, teikningar og klippimyndir. John hefur gert ljóð og myndir og er með þekktari surrealistum í Bretlandi. Hann hefur sýnt verk sín víða um heim. Sýningin er opin til 31. október.

Síðasta sýningarhelgi Guy Frisks

Yfirlistsýning á verkum álfenska málara Guy Frisks hefur staðið yfir í sýningarsölum Norræna hússins. Á sýningunni eru 95 verk, olíumálverk, vatnslitamyndir og myndir unnar með blandaðri tækni.

Sýningunni lýkur nk. sunnudag þ. 17. okt. en í tilefni af komu forseta Finnlands, Maunos Koivistos, verður sýningin opin þá þrjá dags sem heimsóknin stendur eða miðvikudag, 20. fimmtud. 21. og föstudag, 22. okt. kl. 14.-19.



myndlist

„Nórðan 7” á Kjarvalsstöðum

7 myndlistarmenn sem allir eru búsettir og starfandi á Akureyri, opna á laugardag myndlistarsýningu á Kjarvalsstöðum. Þeir eru Aðalsteinn Vestmann, Einar Helgason, Guðmundur Ármann, Helgi Vilberg, Kristinn G. Jóhannsson Óli G. Jóhannsson og Örn Ingi. Við hittum þá að máli þar sem þeir voru að hengja upp á Kjarvalsstöðum. Við spurðum hvernig væri að vera myndlistarmannur nyrðra:

„Það er óhemjugott“, sagði Óli G. en Kristinn sagði heldur vilja segja að það væri „afargott“.

„Við höfum Rauda húsið. Þangað fáum við margar góðar sýningar og getum fylgst með því sem er að gerast t.d. í nýlistinni“, sagði Helgi Vilberg.

„Og svo höfum við mjög góðan myndlistarskóla.“ bætti Kristinn við. Þeir voru sem sagt ánægðir með að vera myndlistarmenn á Ak-

ureyri, þótt ekki séu þeir allir bornir og barnfæddir þar.

„Og það er stutt til Reykjavíkur frá Akureyri, þótt Reykjavíkur segi að það sé langt til Akureyrar“ sagði Óli.

Þetta er í fyrsta sinn sem þessi hópur sýnir saman og er þetta jafnframt stærsti hópur „utanbæjarmanna“ sem sýnir í Reykjavík.

Myndirnar eru alls 111 talsins og verður sýningin opin til 2. nóvember.

Haustmyndir í Ásgrímssal

Opnuð hefur verið haustýning Ásgrímssafns, en hún er 56. sýning safnsins.

Sýningin er að þessu sinni helguð haustinu og urðu fyrir valinu vatnslitamyndir, nær eingöngu, þ.á.m. margar bestu vatnslitamyndir Ásgríms Jónssonar, frá Þingvöllum. Einnig eru sýndar myndir sem hann málaði á Ítalíu 1908 og í Reychenhall í Þýskalandi 1931 og 1939.

Ásgrímssafn Bergstaðastræti 74 er opið sunnud., þriðjud., og fimmtud., 13.30–16.00. Aðgangur er ókeypis.



Edda Jónsdóttir með tvær sýningar

Edda Jónsdóttir opnar tvær sýningar á laugardag, aðra í Ásmundarsal við Freyjugötu og hina í Gallerí Langbrók. Sýningarnar eru aðeins opnar til 24. október. Í Langbrók verða sýndir polaroid-skúlptúrar, en í Ásmundarsal sýnir hún teikningar.


Edda hefur sýnt víða um heim og hlotið alþjóðlegar viðurkenningar, m.a. hlaut hún verðlaun á grafíkbiennal í Bradford nú á þessu ári.



Edda á vinnustofu sinni.

Verk Maríu Jósefsdóttur (Bat-Yosef)

Sýning Maríu Jósefsdóttur (Bat-Yosef) er opin um helgina í Gallerí Lækjargötu frá 2-6 á laugardag og 2-10 á sunnudag. Sýningunni lýkur 24. október.



Fræðsluerindi í Neskirkju

Sex næstkomandi sunnudagskvöld verður efnt til fræðsluerinda og umræðna í safnaðarheimili Neskirkju. Rætt verður um trúarleg og siðræn efni út frá biblíulegum textum og áhugaefni samtímans.

Þeir dr. Björn Björnsson prófessor og dr. Einar Sigurbjörnsson prófessor munu verða í forsvari þessara stunda til skiptis og flytja stutt inngangserindi til skýringar og örvunar almennri umræðu. Samfundir þessir eru öllum opnir og hefjast kl. 15.30 í safnaðarheimili Neskirkju.

Kaffidagur Vestfirðingafélagsins á sunnudag

Vestfirðingafélagið efnir til kaffidags á sunnudaginn kl. 15. í Félagsheimili Bústaðarsóknar.

Þeir sem þess óska geta hlýtt á messu kl. 14 og komið síðan í kaffi. Byður Vestfirðingafélagið alla Vestfirðinga 67 ára og eldri velkoma og væntir þess að yngri Vestfirðingar mæti einnig ásamt börnum sínum. Nýlega var Guðrjúður Hannibalsdóttir kosin formaður félagsins í stað Sigríðar Valdemarsdóttur. Styrkir hafa verið veittir úr Menningarsjóði vestfiskrar æsku og hlutu þrjú ungmenni styrki að upphæð 12.000.00 kr.

Sólarkvöld um helgina

Hin vinsælu Sólarkvöld Samvinnuferða-Landsýnar hefjast að nýju í Súlmasalnum í kvöld. Vegna mikillar aðsóknar sl. vetur verða nú þrjú kvöld í röð, föstudags- laugardags- og sunnudagskvöld.

Að þessu sinni er Holland og þá sérstaklega Amsterdam kynnt. Hollenskur matur og drykkir verða á borðum og hollenskir listamenn skemmta. Allar konur fá blóm frá Breiðholtsblómum, spilað verður Bingó og jafnvægis-listamaður skemmtir. Hljómsveitin Gautar leikur fyrir dansi fram á nótt.

Mannræktar námskeið

Sænski sálfræðingurinn Lena Tuulse mun halda hér þrjú daga námskeið um helgina og er það öllum opið. Lena er doktor í klínískri sálfræði og stýrir mannræktarsetrinu Wæxthuset skammt frá Stokkhólmi. Hún hefur haldið fjöldamörg námskeið í heimalandi sínu og í Bandaríkjunum og kynnir hún áhrifaríkar leiðir til sjálfsþroska. Námskeiðið hefst í kvöld kl. 19.00 og lýkur kl. 18.00 á sunnudag.

Upplýsingar um námskeiðið eru í síma 75495, en þátttökugjald er kr. 1.000.

Gert er ráð fyrir að þátttakendum gefist kostur á að viðhalda og bæta kunnáttu sína í þeim aðferðum sem Lena kennir, og verða slíkir fundir vikulega í Miðstöð fyrir mannækt á Íslandi, Bárugötu 11. Þar sem námskeiðið verður haldið.

Kvenstúdentafélagið

Hádegisverðarfundur verður í veitingahúsinu Arnarhóli laugardaginn 16. október á vegum Kvenstúdentafélags Íslands og verður fjallað um skólamála. Ræðumaður verður Guðni Guðmundsson, rektor Menntaskólans í Reykjavík.